

Sþ.

50. Tillaga til þingsályktunar

[47. mál]

um aldurshámark starfsmanna ríkisins.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagareglur um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Skal sú endurskoðun unnin í samráði við samtök ríkisstarfsmanna og markmið hennar vera það að kanna, hvort ekki sé rétt að hækka aldursmörk þau, sem nú er miðað við, gera reglurnar sveigjanlegri svo og að setja fastari reglur um möguleika eldri starfsmanna til að gegna hlutastörfum, ýmist á sínum gamla starfsvettvangi eða í öðrum stofnunum.

G r e i n a r g e r ð .

Ýmis vandamál, sem steðja að öldruðu fólki, eru vaxandi umræðuefni í þjóðfélaginu. Meðalaldur landsmanna hefur hækkað og heilsufar batnað. Hlutfall aldraðra í íbúatölu landsins hefur vaxið undanfarin ár. Málafni aldraðra eru því mjög á dagskrá um þessar mundir.

Eitt þeirra vandamála, sem aldrað fólk á við að glíma, er sú staðreynd að við ákveðin aldursmörk er fólk í mjög mörgum tilvikum látið hætta störfum. Á þetta einkum við hjá ríki og sveitarfélögum.

Í 13. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, segir, að starfsmanni skuli veita lausn, þegar hann er 70 ára að aldri. Sambærilegt ákvæði er í lögum nr. 27/1935, um aldurshámark opinberra starfsmanna, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 5/1947.

Það er mat margra, sem þekkja vel til félagslegra og heilsufarslegra vandamála aldraðs fólks, að fátt sé mönnum þungbærara en að þurfa algjörlega að hætta störfum við ofangreint aldursmark, óháð heilsu og starfsgetu. Slíkt hefur oft í för með sér alvarleg vandamál fyrir viðkomandi einstakling.

Mörg einkafyrirtæki hafa fyrir löngu reynt að laga sig að þessu vandamáli og veita starfsmönnum sínum möguleika á að starfa meðan heilsa og kraftar leyfa.

Á s. l. vetri fluttu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins tillögu í borgarstjórn þess efnis, að endurskoðaðar yrðu reglur Reykjavíkurborgar um þessi mál. Sú tillaga var samþykkt þar og sérstök nefnd hefur unnið að tillögugerð í málinu. Tillögur þær, sem þar hafa verið ræddar, miða að auknum sveigjanleika í þessum efnum.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt til að koma hreyfingu á þessi mál hjá ríkinu í þeirri von, að sú endurskoðun, sem tillaga er gerð um, leiði til mannlegri reglu en nú gildir.